

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1089*  
*komudagur 16.2.2007*

Umhverfisnefnd Alþingis  
Selma Hafliðadóttir  
nefndarritari  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2007  
2007020003/42-1-3  
JGO/mfb

### **Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum**

Vísað er í bréf, dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum (þskj. 65 - 65. mál). Náttúrufræðistofnun hefur áður (25. nóvember 2003) veitt umsögn um hliðstæða tillögu og mælir nú sem fyrr með samþykkt hennar.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að friðlýsa eigi Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar og byggist matið m.a. á eftirfarandi:

Jökulsá á Fjöllum fékk næsthæstu vísitölu umhverfispátta, eða 11,85, af þeim 35 virkjanakostum sem fjallað var um í 1. áfanga Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma (sjá skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar, nóvember 2003). Aðeins Markarfljótsvirkjun b fékk hærri vísitölu, eða 11,88. Nú þegar Jökulsá á Dal hefur verið virkjuð við Kárahnúka er vísitala umhverfispátta Jökulsár á Fjöllum mun hærri en áður.

Í skýrslu sem Náttúrufræðistofnun vann að beiðni umhverfisráðuneytisins fyrir nefnd um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls (Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinsson. 2003. Náttúrufar og verndargildi náttúrufyrirbæra norðan Vatnajökuls - Yfirlit. NÍ-03002), er m.a. fjallað um landsvæðið sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Þar er þessu landsvæði gefin há verndareinkunn, einkum með tilliti til landslags og jarðminja. Aðliggjandi hálandissvæði vestan árinna fá einnig háa einkunn.

Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, ásamt fyrirhuguðum Vatnajökulþjóðgarði næðist að friðlýsa afar merkar náttúruminjar innan samfellds landsvæðis sem teygði sig þvert yfir landið, frá strönd til strandar.

Jökulár eru m.a. einkennandi fyrir náttúru Íslands og með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum næðist að vernda a.m.k. eina af stórám landsins, ásamt vatnasviði, frá upptökum til ósa.

Með kveðju



Jón Gunnar Ottósson, forstjóri

